

Fimmtudaginn 11. maí 1995.

Nr. 237/1994.

M

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

K

(Ingibjörg Rafnar hrl.)

Börn. Forsjá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí 1994. Hann krefst þess, að sér verði veitt forsjá sona sinna og stefndu, þeirra E, f. 29. ágúst 1991, og Y, f. 4. janúar 1993. Til vara krefst áfrýjandi þess að fá forsjá eldri sonarins. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 15. nóvember 1994.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð matsgerð Sæmundar Hafsteinssonar sálfræðings, sem dómkvaddur var í Héraðsdómi Reykjavíkur 18. apríl 1995 að beiðni áfrýjanda til að meta atriði, er lúta að hæfi málsaðila til að hafa með höndum forsjá sona sinna, tilfinningalegu sambandi þeirra við synina, félagslegum aðstæðum beggja og spurningum í sambandi við skiptingu forsjár milli foreldranna. Stefnda kom á framfæri við matsmanninn viðbótarspurningum um þroska, líðan og aðbúnað drengjanna, hvaða áhrif breyting á forsjárskipan eða skipting hennar milli aðila kynni að hafa á þá, hverjar væru hugsanlegar afleiðingar þess, að drengirnir yrðu skildir að, og hvað réttlætti slíkan aðskilnað.

Stefnda andmælir því, að matsgerðin verði lögð til grundvallar,

þar sem í henni sé í raun aðeins lagt mat á hæfi foreldra og félagslegar aðstæður þeirra. Matsgerðin fullnægi ekki fyrra ákvæði 1. mgr. 63. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sæmundur Hafsteinsson sálfræðingur segir í álitssgerð sinni 2. maí sl., að heimili áfrýjanda beri vott góðri umgengni og snyrtimennsku, og séu aðstæður hjá honum, bæði innan og utan dyra, hinar ákjósanlegustu fyrir börn. Honum virtist áfrýjandi hafa gott lag á sonum sínum, og væri samband þeirra feðganna eðlilegt og gott. Stefnda býr nú í lítilli eigin íbúð, sem matsmaður lýsir sem þröngri og óvistlegri. Af umsögn hans má þó ráða, að hann telji unnt að bæta úr í þessu efni. Þá segir í matinu, að drengirnir hafi leitað hikaust til móður sinnar, þegar á bjátaði, og ekki fari milli mála, að þeir séu tengdir henni sterkum böndum. Um tengsl drengjanna innbyrðis segir matsmaður, að ekkert hafi komið fram, sem bendi til þess, að þeir séu á einhvern hátt háðari hvor öðrum en gerist og gangi um systkini. Niðurstöður sálfræðingsins eru eftirfarandi:

„Það er mat undirritaðs að báðir foreldrar séu hæfir uppallendur, og ljóst er að drengirnir eru bæði hændir að móður og föður. Félagslegar aðstæður föður eru mun betri, hann getur boðið drengjunum upp á fallett heimili og stöðugleika. Aðstæður á heimili móður þyrftu að batna verulega til að geta talist góðar. Ég sé ekki að það gæti skaðað drengina þó að þeir ættu heimili hvor hjá sínu foreldri. Það mundi trúlega létta á spennu milli foreldra sem kæmi drengjunum til góða, foreldrar hafa lýst sig hlynnta rúmri umgengni sem tryggir drengjunum aðgang að báðum foreldrum og hvorum öðrum. Ekki má vanmeta þau óþægindi sem óhjákvæmilega sköpuðust fyrir drengina af óánægju foreldris sem ekki fengi forsjá, einkum ef móðir ætti í hlut. Því mæli ég með því að faðir fái forsjá eldri drengsins, E, en móðir forsjá yngri drengsins, Y.“

Eins og rakið er í héraðsdómi, lagði Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur einnig til, að móðirin færi með forsjá yngri drengsins, en faðirinn forsjá hins eldri. Ætti annað þeirra að fara með forsjá beggja drengjanna, taldi sálfræðingurinn „eðlilegra að móðir verði sá aðili, enda borið meginábyrgð á uppeldi þeirra hingað til og þrátt fyrir erfiðari félagslega stöðu“.

II.

Af gögnum málsins er ótvírætt, að báðir málsaðilar eru hæfir til þess að fara með forsjá sona sinna. Í héraðsdómi kemur fram, að þau voru í sambúð sem næst 11 mánuði samtals frá fæðingu eldri drengsins, sem nú er þriggja ára og átta mánaða gamall. Yngri drengurinn er tveggja ára og fjögurra mánaða gamall, og skilja þannig 16 mánuðir drengina í aldri. Stefnda hefur annast um þá og séð um uppeldi þeirra allan þennan tíma, lengst af ein síns liðs. Að áliti beggja framangreindra sálfræðinga eru drengirnir eðlilega þroskaðir, og verður ekki séð, að umhyggju stefndu hafi verið ábótavant. Breyting á forsjárskipan myndi óhjákvæmilega raska þeim stöðugleika, sem verið hefur í uppeldi drengjanna og samvistum þeirra við móður sína.

Hvorugur sálfræðinganna telur það myndu skaða drengina, þótt forsjá þeirra yrði skipt milli foreldra. Er sú niðurstaða einkum leidd af því, að þeir virðast vera í góðum og nánum tengslum við báða foreldra sína. Um samskipti drengjanna sín í milli og tilfinningaleg tengsl er hins vegar ekki fjallað með skýrum hætti í álitsgerðum sálfræðinganna. Á það verður að fallast með héraðsdómi, að það sé að öðru jöfnu þroskavænlegra fyrir drengina, sem eru á svipuðu reki, að alast upp saman og ná þannig að mynda með aldri og þroska sterkari bræðrabönd en ella myndi verða. Þótt félagslegar aðstæður aðila séu nokkuð mismunandi, eins og nú háttar til, hefur ekki verið sýnt fram á það í málinu, að hagsmunum drengjanna væri betur borgið hvors hjá sínu foreldri.

Báðir aðilar hafa lýst ótvíræðum vilja til þess, að umgengni þess foreldris við drengina, sem ekki fær forsjá þeirra, skuli vera með eðlilegum hætti. Ekkert er fram komið, er bendir til annars en stefnda hafi fullan skilning á mikilvægi þessa og hafi rækt þá skyldu sína frá samvistaslitum málsaðila að láta drengina njóta umgengni við föður sinn.

Með hliðsjón af framansögðu og annars með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að báðir aðilar skiluðu tveimur aðilaskýrslum í hér-

aði. Til þess er ekki heimild í XIV. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 58. gr. barnalaga nr. 20/1992.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. mars sl. að lokinni aðalmeðferð, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 16. september 1993 af M [...], Kópavogi, gegn K [...], Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði veitt forsjá yfir tveimur sonum sínum og stefndu, þeim E [fæddum 1991] og Y [fæddum 1993]. Til vara krefst stefnandi þess, að sér verði veitt forsjá annars drengsins. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að henni verði veitt forsjá tveggja sona hennar og stefnanda, þeirra E og Y. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti.

I.

Málavextir eru þeir, að aðilar málsins hófu sambúd árið 1991, og 29. ágúst það ár fæddist eldri sonur þeirra E. Upp úr sambúðinni slitnaði í janúar 1992, en í desember sama ár tóku aðilar upp sambúd að nýju. Yngri sonur þeirra, Y, fæddist í janúar 1993, og í byrjun júní sama ár slitu þau sambúðinni. Við fyrirtökur sambúðarslitamálsins hjá sýslumanninum í Reykjavík 14. júlí og 18. ágúst sl. náðist hvorki samkomulag um forsjá drengjanna né um úrlausn ágreinings hjá dómsmálaráðuneytinu, og var því mál þetta höfðað. Aðilar gengu frá bráðabirgðasamkomulagi um umgengni stefnanda við drengina, og áttu þeir að dveljast hjá föður sínum aðra hverja helgi og einnig þau kvöld, sem stefnda sinnti kvöld- og helgarvöktum á vinnustað sínum. Með bréfi, dagsettu 9. september 1993, fór stefnandi fram á það við Héraðsdóm Reykjavíkur, að úrskurðað yrði, að hann færi með forsjá drengjanna, þar til dómur gengi í forsjármálinu. Stefnda gerði sömu kröfu með bréfi, dagsettu 9. október 1993. Við fyrirtöku forsjármálsins 1. nóvember 1993 urðu aðilar ásáttir um, að báðir drengirnir dveldust hjá stefndu, þar til dómur gengi, og féllu því bæði frá kröfum um úrskurð um bráðabirgðaforsjá.

II.

Stefnandi styður aðalkröfu sína því, að það sé drengjunum E og Y fyrir bestu, að sér verði dæmt forræði þeirra beggja. Stefnda sé ekki í andlegu ástandi til þess að annast líkamlega og andlega velferð og þarfir þeirra sem skyldi. Stefnandi hafi yfir að ráða eigin húsnæði, sé í fastri vinnu, búi við góða fjárhagslega afkomu og hafi gott og náð samband við syni sína. Þá geti hann veitt þeim alla þá umhyggju og umönnun, sem þeir þurfa.

Varakröfu sína reisir stefnandi á sömu málsástæðum og liggja að baki aðalkröfu, að því viðbættu, að fjárhagsleg afkoma stefndu sé ekki góð, og því gæti hún betur sinnt öðrum drengnum, ef stefnanda yrði dæmd forsjá hins. Yrði þá minna álag á stefndu, sem væri til hagsbóta fyrir báða drengina.

Um lagarök vísar stefnandi til ákvæða barnalaga nr. 20/1992, aðallega 34. – 36. gr. Kröfu um málskostnað reisir stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi kveður mál þetta höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt heimild í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 34. gr. barnalaga nr. 20/1992.

III.

Málsástæður stefndu eru þær, að stefnda hafi séð um alla umönnun sona aðila frá fæðingu þeirra. Tengsl hennar og drengjanna séu af þeim sökum mun meiri og sterkari en tengsl þeirra við stefnanda. Við sambúðarslit aðila í janúar 1992 hafi stefnda fengið forsjá eldri drengsins, E, og frá sambúðarslitunum í júní 1993 hafi stefnda ein annast báða drengina. Stefnda kveðst hafa miklu viðameiri þekkingu og dýpri skilning á líkamlegum og tilfinningalegum þörfum drengjanna en stefnandi. Þá skipti miklu, hversu ungir drengirnir séu, annar tveggja ára, en hinn á fyrsta ári.

Stefnda styður kröfu um forsjá drengjanna því, að hún sé hæfur uppalandi. Hún sé sjúkraliði að mennt og vinni [...] í 70% starfi. Hún búi í öruggu leiguhúsnæði og njóti ríkulegs stuðnings móður og systkina.

Því er einnig haldið fram, að ljóst sé, að það hafi í för með sér mun minna rask og breytingar á lífsháttum drengjanna í bráð og lengd, ef þeir lúta forsjá stefndu. Samkvæmt grundvallarreglum barnaréttar eigi að leysa úr ágreiningsmáli sem þessu eftir því, sem barni er fyrir bestu. Þá bendir stefnda á, að þótt stefnandi hafi heldur betri efni en stefnda, hafi fjárhagur foreldra aldrei ráðið úrslitum við lausn ágreinings um forsjá barna.

Stefnda mótmælir varakröfu stefnanda, þar sem það verði ekki talið samræmast hagsmunum drengjanna að skipta þeim á milli foreldra sinna, en þeir séu á líkum aldri og mjög samrýndir.

Um lagarök vísar stefnda til ákvæða barnalaga nr. 20/1992, einkum 34. gr.

Krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988.

IV.

Í máli þessu deila aðilar um forsjá sona sinna tveggja, þeirra E og Y. Var margreynt að ná sáttum í málinu án árangurs.

Undir rekstri málsins lögðu aðilar fram greinargerðir sínar til viðbótar greinargerðum lögmannna sinna. Þá var lögð fram umsögn F um stefndu, en stefnda hafði unnið við heimilisstörf á heimili hennar um nokkurt skeið. Enn fremur var í máli þessu lögð fram matsgerð Aðalsteins Sigfússonar, sálfræðings og félagsmálastjóra Kópavogsbæjar, sem dómurinn hafði kvatt sem sérfróðan aðila til að kanna og leggja mat á uppeldisaðstæður hjá hvoru foreldri um sig og tengsl foreldranna við börnin. Þá var einnig lagt fyrir sálfræðinginn að kanna persónulega eiginleika foreldranna og hagi þeirra. Dómkvaðning þessi var gerð með samþykki beggja aðila málsins. Matsgerð hins dómkvadda matsmanns er dagsett 16. janúar sl. og var lögð fram við fyrirtöku málsins 15. febrúar sl.

Eins og matsgerðin ber með sér, átti sálfræðingurinn mörg viðtöl við aðila sem og aðra einstaklinga, er tengjast þeim með einhverjum hætti. Í niðurstöðum matsgerðarinnar segir, að báðir aðilar séu í góðum tengslum við syni sína, þyki afar vænt um þá og búi yfir tilfinningalegri getu til að sinna þeim eins og þurfi. Þá er það mat hans á drengjunum tveimur, að þeir séu báðir eðlilegir, að því er varðar hreyfiproska og vitsmunaproska, og þá séu samskipti þeirra eðlileg.

Niðurstaða matsmannsins er sú, að með tilliti til þess, að báðir aðilar séu hæfir til að sjá um forsjá drengjanna, sé rétt að taka mið af því, að félagslegar aðstæður stefnanda séu betri en hjá stefndu. Virðist matsmanni, að stefnda eigi fullt í fangi með að halda heimili fyrir báða drengina, sem geri miklar kröfur, enda á mjög líkum aldri. Þá er það einnig mat matsmannsins, að drengirnir séu ekki háðir hvor öðrum í þeim skilningi, að það yrði áfall fyrir þá að alast upp hvor í sínu lagi, sérstaklega þegar tillit er tekið til góðra samskipta foreldra og áhuga á að viðhalda þeim. Það sé því drengjunum fyrir bestu og sanngjarnasti kosturinn, að móðir fari með forsjá yngri drengsins og faðir með forsjá eldri drengsins. Í niðurlagi matsgerðar segir síðan: „Sé það hins vegar álit dómsins, að einn aðili skuli fara með forsjá beggja drengjanna, telur undirritaður eðlilegra, að móðir verði sá aðili, enda borið meginábyrgð á uppeldi þeirra hingað til og þrátt fyrir erfiðari félagslega stöðu.“

Ákvæði barnalaga nr. 20/1992 gera ráð fyrir því, að við úrlausn ágreiningsmála um forsjá barna við skilnað eða samvistaslit foreldra skuli skorið úr ágreiningi eftir því, sem barni er fyrir bestu, eins og segir í 2. mgr. 34. gr. laganna. Eins og að ofan greinir, er ekkert, sem bendir til annars en að báðir aðilar máls þessa séu hæfir til að hafa forsjá beggja sona sinna. Drengirnir eru báðir mjög ungir, E tveggja og hálfis árs og Y nýorðinn eins árs. Báðir hafa þeir verið hjá stefndu frá fyrstu tíð, og því hefur umönnun þeirra hvílt á stefndu að langmestu leyti. Samkvæmt álitssgerð hins dómkvadda matsmanns hafa drengirnir þrífist vel og náð eðlilegum þroska. Ljóst er, að það ylli drengjunum minnstri röskun, ef þeir yrðu áfram hjá stefndu. Þá er þess einnig að gæta, að báðir drengirnir eru mjög ungir, og verður af þeim sökum að telja, að þeir hafi enn mikla þörf fyrir umönnun móður sinnar.

Við úrlausn þessa ágreinings verður einnig að kanna, hvernig samkomulagi aðila er háttað um umgengni drengjanna við það foreldri, sem býr ekki hjá þeim. Báðir aðilar hafa lýst vilja sínum til að viðhalda góðu sambandi drengjanna við hitt foreldrið. Í fram lagðri matsgerð kemur fram það mat sálfræðingsins, að aðilar málsins hafi reynt að leggja grunn að góðum samskiptum eða að minnsta kosti að skemma ekki fyrir áframhaldandi samstarfi sín á milli um börnin.

Um þá staðreynd, að félagslegar aðstæður stefndu eru verri en hjá stefnanda, er þess að gæta, að ekki verður talið, að sú staðreynd skipti sköpum í máli þessu. Eins og er, býr stefnda í viðunandi húsnæði, og drengirnir eru í öruggri barnagæslu. Verða þessar aðstæður stefndu ekki taldar svo slæmar, að það ógni félagslegri velferð drengjanna, með vísan til þess, er áður sagði um eðlilegan þroska þeirra og hæfi móður. Þá þykja aðrar leiðir vænlegri til þess að bæta félagslega stöðu barnanna en breyta högum þeirra með þessum hætti.

Að lokum er það álit dómsins, að það sé þroskavænlegra fyrir drengina, að þeir alist upp saman og nái þannig með aldrinum að mynda sterkari systkinatengsl sín á milli.

Með tilliti til alls þessa og vísan til niðurstaðna fram lagðrar matsgerðar þykir það samrýmast best hagsmunum þeirra E og Y, að þeir verði áfram í umsjá móður sinnar, stefndu í máli þessu. Þykir því rétt að dæma stefndu forsjá beggja drengjanna.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu. Allur gjafsóknarkostnaður stefndu, 166.810 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hrl., 95.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti, 22.050 kr.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, K, skal hafa forræði drengjanna E [fædds 1991] og Y [fædds 1993].

Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, 166.810,00 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hrl., 95.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti, 22.050 kr.
